



Haraldur Sigmar Arnason
Ljómatún 9
600 Akureyri

Akureyri, 12. september 2024
2024090364/09-101

Efni: Hafnarstræti 18 - fyrirspurn varðandi skipulagsmál

Skipulagsráð hefur á fundi sínum þann 11.9.2024 gert eftirfarandi bókun:

Erindi dagsett 5. september 2024 þar sem að Haraldur Sigmar Arnason fh. Fjölnis ehf. óskar eftir deiliskipulagsbreytingu fyrir Hafnarstræti 18.

Óskað er eftir að breyta húsnæði úr íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði fyrir gististarfsemi.

Meirihluti skipulagsráðs hafnar erindinu. Um er að ræða íbúðarhús á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði og lóðin skilgreind sem íbúðarhúsalóð í gildandi deiliskipulagi. Að mati ráðsins eru ekki forsendur til að breyta notkun hússins í atvinnustarfsemi.

Þórhallur Jónsson D-lista situr hjá við afgreiðslu málsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,




Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar

Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar. Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, netfang uua@uua.is